

78. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 7. maí 2007 í Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Magnús A. Sigurðsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður, boðaði forföll vegna anna.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur settur kl. 11:00.

Dagskrá:

Fundargerð 77. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Framkvæmdir við Vertshús í Flatey

Lagt var fram erindi Umhverfisstofnunar, sem barst nefndinni í tölvupósti þann 4. maí 2007. Í erindinu var óskað eftir umsögn nefndarinnar um ósk Karls Gunnarssonar um leyfi fyrir framkvæmdum við Vertshús í Flatey, sbr. meðfylgjandi gögn.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerði ekki athugasemdir við framkvæmdirnar.

Rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert greindi frá því að undirbúningsfundur vegna ráðstefnu sérfræðinga, sem til stendur að halda í haust, hafi verið haldinn í Stykkishólmi fimmtudaginn 3. maí sl.

Fundinn sátu auk Róberts, Menja von Schmalensee frá Náttúrustofu Vesturlands, Þorleifur Eiríksson frá Náttúrustofu Vestfjarða, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Guðmundur A.

Guðmundsson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Erla Björk Örnólfsdóttir frá Sjávarrannsóknasetrinu Vör og Tómas Grétar Gunnarsson frá Háskólasetri Snæfellsness sem jafnframt sá um fundarstjórn. Ákveðið var að ráðstefnan verði haldin í Stykkishólmi og standi yfir dagana 12. og 13. september.

Á ráðstefnuna verða boðaðir allir helstu sérfræðingar um lífríki Breiðafjarðar og aðrir sem geta orðið að liði við vinnuna. Samtals er gert ráð fyrir að þátttakendur verði u.þ.b. 30 auk fulltrúa úr Breiðafjarðarnefnd. Töluverður kostnaður mun fylgja ráðstefnuhaldinu og var rætt um að sækja um styrk til umhverfisráðuneytisins vegna hans.

Afgreiðsla: Undirbúningsnefndin mun skila Breiðafjarðarnefnd áætlun um ráðstefnuna með upplýsingum um skipulag og kostnað fyrir næsta fund.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2007-2016

Róbert sagði frá því að Skipulagsstofnun hafi bent á að verndaráætlun fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul þurfi að fara í umhverfismat áætlana og var í því efni vísað til laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Nefndarmenn skoðuðu lögin og töldu að þetta ætti ekki við um verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.

Yfirferð yfir verndaráætlun fyrir Breiðafjörð var haldið áfram. Nefndarmenn komu fram með sínar athugasemdir.

Afgreiðsla: Ekki tókst að ljúka yfirferð yfir verndaráætlunina á þessum fundi. Stefnt er að því að henni ljúki á næsta fundi, sem haldinn verður 29. maí nk.

Önnur mál

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Ásgeir Gunnar lagði fram tillögu um að farið verði í vettvangsferð um sunnanverðan Breiðafjörð þriðjudaginn 17. júlí eða miðvikudaginn 18. júlí nk.

Afgreiðsla: Samþykkt var að allur undirbúningur vettvangsferðar miðist að því að farið verði á ofangreindum tíma.

Fundi slitið kl. 15:10.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 29. maí 2007.